

um rannsókn á hagnýtingu brotajárns.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma rannsókn á því, hvort ekki muni arðvænlegt að hefja hér á landi hagnýtingu brotajárns, t. d. með því að framleiða úr því steypustyrktarjárn. Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Undanfarin fjögur ár hafa Íslendingar flutt út um 13700 smálestir af brotajárni. Á sama tíma hafa verið fluttar inn um 9000 smálestir af steypustyrktarjárn fyrir um það bil 20 millj. kr. Hefur þó innflutningur á steypustyrktarjárninu verið óvenjulega lítill á þessu tímabili, þar eð byggingar hafa verið með minna móti. Má gera ráð fyrir, að eftirspurn eftir þessari vöru fari vaxandi, og mun varla ofreiknað, að árleg notkun steypustyrktarjárnns verði á næstu árum 4000 smálestir. Með núverandi verðlagi kostar það magn af steypustyrktarjárninu 12 millj. kr., miðað við útsöluverð.

Þegar hafin verður framleiðsla á sementi innanlands, má telja víst, að byrjað verði að steypa helztu þjóðvegi. Mun þá notkun steypustyrktarjárnns aukast til muna. Steypustyrktarjárn má framleiða úr brotajárninu, en til þess þarf bræðsluofn og mótunarvélar (valseværk). Tæki þessi eru alldýr, en miðað við reynslu víða erlendis benda allar líkur til þess, að slík framleiðsla gæti svarað kostnaði hér á landi. Að vísu verður að teljast hæpið, að hér falli til nægilegt brotajárn til að standa undir rekstri slíkrar verksmiðju að staðaldri. En sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að kaupa erlendis gömul skip, sem seld eru til niðurrifs, draga þau hingað og nota sem hráefni fyrir verksmiðjuna, að svo miklu leyti sem innlent hráefni hrekkur ekki til.

Hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir framleiðslu steypustyrktarjárnns, enda einfaldast og kostnaðarminnst að byrja á því. Þegar sú framleiðsla hefur komið á góðan rekspól, væri hugsanlegt að auka starfsemina, framleiða gjarðajárn, saum, girðingavír o. fl. Loks væri sá möguleiki fyrir hendi að framleiða dýrari tegundir stáls og auka þannig til muna verðgildi framleiðslunnar.

Af framansögðu ætti að vera ljóst, að það er fyllilega tímabært, að rannsakaðir verði möguleikar á hagnýtingu brotajárns hér á landi og gerð áætlun þar að lútandi. Búast má við, að slík rannsókn mundi kosta nokkurt fé, þar eð vafalaust yrði að leita til erlendra sérfræðinga um upplýsingar og aðstoð. Þess er varla að vænta, að einstaklingar vilji leggja fram það fé, sem þarf til undirbúnings þessa fyrirtækis. Leiði rannsókn hins vegar í ljós, að hér geti verið um arðvænlegt fyrirtæki að ræða, yrði án efa vandalaust að afla fjár til að koma því á laggirnar, hvort sem það yrði á vegum ríkisins (í sambandi við Landssmiðjuna?) eða annarra aðila. Þó að ríkið verði til rannsókna þessarar nokkrum fjármunum — og um háa upphæð gæti naumast verið að ræða — mundi járnbræðslan á skömmum tíma endurgreiða í sköttum, beint og óbeint, margfalda þá fjárhæð, sem rannsóknin kostaði.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja rétt, að á meðan hin fyrirhugaða rannsókn fer fram, verði bannaður allur útflutningur á brotajárninu. Slík ráðstöfun yrði til þess, að safnast mundu fyrir nokkrar birgðir af brotajárninu, sem væru til taks, þegar vinnslan hæfist. Ef rannsóknin leiddi til jákvæðrar niðurstöðu og hafizt yrði handa um vinnslu járnsins hér á landi, mundi bann við útflutningi brotajárns að sjálfsögðu verða látið gilda áfram. Þætti hins vegar ekki ráðlegt að efna til þeirrar vinnslu, sem hér um ræðir, mundi að sjálfsögðu leyft að flytja út það brotajárn, sem safnast hefði fyrir, meðan útflutningur þess var bannaður. Rýrnun á þeirri vöru er ekki svo mikil, að um verulegt tap þeirra hluta vegna yrði að ræða.

Af þessum sökum munu flutningsmenn tillögunnar leggja fram í neðri deild Alþingis frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á brotajárninu.